



**179. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 19. maí 2020, á Skype**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Róbert Arnar Stefánsson, Magnús A. Sigurðsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Guðríður Þorvarðardóttir og Bjarnheiður Jóhannsdóttir.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Fundargerð 178. fundar**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

**Fjármál 2020**

Farið yfir fjármál nefndarinnar.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt.

**Tímabundinn þjónustusamningur Breiðafjarðarnefndar, Náttúrustofu Vesturlands og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.**

Drög að samningi lögð fram.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt.

**Erindi frá Vesturbyggð: ósk um umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna iðnaðarsvæðis við Þverá.**

**Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna að öðru leyti en því að bæta mætti inn í lýsinguna að umrætt svæði liggur að hluta innan verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að þar sem svæðið er bæði innan friðlandsins í Vatnsfirði og verndarsvæðis Breiðafjarðar þarf að fara gætilega. Til dæmis hvað varðar frárennismál.

**Lýsing Skipulagsstofnunar fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum.**

**Afgreiðsla:**

Lagt fram til kynningar.

**Vettvangsferð 2020.**

**Afgreiðsla:**

Áætlað að fara 7. júlí. Skoða áfram og leita tilboða.

### **Framtíð Breiðafjarðar.**

#### **Afgreiðsla:**

Stefnt á fræðslufundi á Reykhólum og í Búðardal þann 25. ágúst.

Fræðslufundur og fundur með bæjarstjórn Vesturbyggðar í lok ágúst/byrjun september.

### **Staða kostaðra og styrktra verkefna**

#### **Afgreiðsla:**

- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.
  - Kortið afhent fullmótað til prentunar og/eða netútgáfu, skv. samningi.
  - Athugasemdum nefndarinnar komið á framfæri við Fornleifafélagið.
  - Kortið verður birt á heimasíðu nefndarinnar auk þess sem nefndin skoðar möguleika á prentun.
- Búsvæðanýting fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum.
  - Í vinnslu. Anja Nickel, doktorsnemi, er að vinna handrit til birtingar byggt á þeim gögnum sem safnað var. Skýrslunni verður skilað samhliða þeirri grein.
- Örnefnaskráningar 2020, Náttúrufræðistofnun Íslands.
  - Verkefni hefur verið skilgreint og er hafið. Skil áætluð í nóvember 2020.

### **Önnur mál.**

Erindi frá Vegagerðinni: Sjóvörn í Flatey: umsókn um framkvæmdaleyfi.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd en bendir á að uppfylla þurfi skilyrði varðandi verndarsvæði í byggð.

### **Stækkun á Þjóðgarðinum Snæfellsjökli**

Umhverfisstofnun kynnir nú hugmyndir að stækkun Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Umsagnarfrestur er til 10. júní.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd vill hvetja Umhverfisstofnun til þess að skoða Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar í samhengi og með verndun hafsvæða í huga. Róbert, Guðríður, Ragnhildur og Theódóra setji saman bréf til Umhverfisstofnunar.

### **Næsti fundur:**

Áætlaður fimmtudaginn 4. júní sem fjarfundur.

**Fundi slitið kl. 12:00**